

**Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar, við opnun  
færniseturs Hjúkrunarfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, 10.  
nóvember 2016 kl. 16.**

Góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa þessa samkomu í tilefni af opnun færniseturs Hjúkrunarfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

Kennsla og kennsluhættir í háskólum eru í mikilli gerjun um þessar mundir. Má í því sambandi nefna áhrif tölvutækninnar sem að nokkru leyti hefur nú þegar leyst upp hefðbundin mörk á milli staðkennslu og fjarkennslu og býður upp á nýja og spennandi möguleika á sviði miðlunar og námstækni, s.s. vendikennslu og vefstudda kennslu. Þá setur hnattvæðingin í síauknum mæli mark sitt á þjóðfélag okkar sem sést á breyttri samsetningu nemendahópsins sem hefur nám í Háskóla Íslands á hverju hausti. Nú þegar eru vel yfir tíu prósent landsmanna af erlendu bergi brotnir og svipað hlutfall nemenda háskólans eru erlendir nemendur sem hingað koma til skemmri eða lengri dvalar. Þetta unga fólk er með annan bakgrunn, aðrar væntingar og kröfur og aðrar hugmyndir um nám og starf en kynslóðin á undan þeim. Á sama hátt fara sífellt fleiri íslenskir nemendur til annarra landa til lengri eða skemmri dvalar og reynsluheimur þeirra er í raun orðinn landamæralaus. Einnig hefur vinnumarkaðurinn breyst og mun breytast enn meira á komandi árum. Hefðbundin störf eru að hverfa og ný störf sem kalla á nýja menntun og þjálfun skjóta upp kollinum. Lýsa má þessu með þeim orðum að háskólar eru nú í þeirri stöðu að þeir mennta nemendur til að takast á hendur störf sem við höfum ekki hugmynd um að muni verða til í framtíðinni.

Allt gerir þetta nýjar kröfur til háskóla og kallar á endurskoðun á kennsluaðferðum, kennslutækni, námsgögnum og kennsluhúsnæði. Áþreifanleg áhrif þessarar þróunar eru m.a. þau að tæknin gerir okkur í síauknum mæli kleift að líkja eftir þeim veruleika sem tekur við nemendum að námi loknu. Mikilvæg tæki í þessu sambandi eru hermar sem líkja eftir (simulera) veruleikanum og gera nemendum kleift að beita þekkingu og kunnáttu sinni og þjálfva hagnýta færni sína (skills) í öruggum aðstæðum og eins oft og þörf krefur með áður óþekktum hætti. Færnisetur Hjúkrunarfræðideildar, sem vígt verður hér í dag, er einmitt glæsilegt dæmi um slíkt tæki.

Tilgangur færnisetsursins er að þjálfa færni, hæfni og getu nemenda meðan á námi stendur til að þeir séu sem allra best í stakk búnir að annast sjúklinga þegar að klínísku námi kemur. Þannig er í færnisetrinu lögð rík áhersla á verklega færni en einnig á þverfaglega kennslu og þjálfun í samvinnu heilbrigðisstétta. Allt miðar þetta að því að hámarka öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar. Að auki gerir slík þjálfun mögulegt að stytta þann tíma sem nemendur eru í klínísku námi og opnar þannig fyrir möguleikann á að fjölga nemendum. Þetta er ekki síst brýnt í hjúkrunarfræðinni, enda blasir að óbreyttu við alvarlegur skortur á menntuðum hjúkrunarfræðingum.

Húsnæðið, sem áður var verknámsstofa í kjallara, hefur nú verið tvöfaldað með því að bæta við stóri og rúmgóðri kennslustofu á annarri hæð ásamt hluta af gangi. Auk þess var keyptur nauðsynlegur kennslubúnaður og má segja að nú sé þessi aðstaða sambærileg að gæðum við það sem best gerist erlendis sem vitaskuld er afar ánægjulegt.

Til lengri tíma litið er færnisetrið ekki aðeins ætlað hjúkrunarfræðinimum heldur nemendum í öllum greinum heilbrigðisvísinda og er áformað að samreka þessa aðstöðu með Landspítalanum og standa viðræður um það yfir. Slíkur samrekstur krefst góðrar skipulagningar og að fundinn verði hagkvæmur rekstrargrundvöllur fyrir alla aðila. Þá er byrjað að leita að styrktaraðilum fyrir færnisetrið og er vonandi að það muni bera árangur áður en langt um líður.

Góðir gestir. Ég vil að endingu þakka öllum þeim sem komið hafa að því að gera færnisetrið að veruleika og óska okkur öllum innilega til hamingju með daginn.

Takk fyrir.